

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 101/2025

2025/EES/46/12

frá 8. maí 2025

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1762 frá 5. júní 2024 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum til að heimila tilteknar landsbundnar undanþágur ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 13c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 D 1762:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1762 frá 5. júní 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1762, 28.6.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2024/1762, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1762, 28.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/1762/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.